

**Kjarasamningur  
milli  
Rafiðnaðarsambands Íslands  
og  
Samtaka atvinnulífsins vegna HS Orku hf.**

Kjarasamningur Rafiðnaðarsambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna HS Orku hf. framlengist með svofelldum breytingum:

**1. gr.**

Hinn 1. febrúar 2014 skulu laun og launataxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Launataxtar undir kr. 230.000 hækka aukalega um kr. 1.750.

Í stað launabreytinga frá 1. janúar 2014 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 14.600 m.v. fullt starf, enda hafi starfsmaður starfað í janúar og var enn í starfi 1. febrúar 2014.

**2. gr.**

Orlofsuppbót á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2014 hækkar um 2,8% auk sérstakrar hækkunar kr. 10.000.

Desemberuppbót á árinu 2014 hækkar um 2,8% auk sérstakrar hækkunar kr. 20.000.

Hækkun framlags til eftirmenntunarsjóðs um 0,1% kemur til framkvæmda frá 1. júní 2014 að telja.

**3. gr.**

Um undirbúning og aðgerðir vegna endurnýjunar kjarasamnings þessa fer eftir ákvæðum „aðfararsamnings“ í kjarasamningi SA og aðildarfélagi ASÍ frá 21. desember 2013.

**4. gr.**

Samningurinn gildir til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Reykjavík, 9. apríl 2014

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

*Kristín Þórunn Sveinsson*  
*Ólafur Tómasson*  
*Ómar Bjelkur*  
*Jóni Jónsson*

F.h. Samtaka atvinnulífsins vegna  
HS Orku hf.

*Petra Lind Finarsd.*  
*Ragnheiður*

## Bókun

HS Orka hf. hefur nú til skoðunar þróun launa starfsmanna sem taka kjör skv. kjarasamningum við aðildarfélög BSRB og samningi þessum. Verði gerðar breytingar á komandi mánuðum á kjörum þeirra starfsmanna umfram umsamda 2,8% hækkun launa mun fyrirtækið láta sambærilegar breytingar ná til félagsmanna RSÍ sem taka kjör samkvæmt kjarasamningi þessum. Haft verður samráð við fulltrúa starfsmanna / RSÍ um útfærslu breytinga.

KM KA  
PLE